

36. fundur fræðslunefndar miðvikudaginn 4. nóvember 2009

Fundur settur kl. 17.00 í Grunnskólanum á Þórshöfn.

Mættir: Guðni Hauksson, Víkingur Jónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Soffía Björgvinsdóttir, María Guðmundsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, Heiðrún Óladóttir, Mirjam Blekkenhorst og Hilma Steinarsdóttir sem ritaði fundargerð.

A Til afgreiðslu:

- 1) Bréf frá menntamálaráðuneyti (dags. 12/5-09) um niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum Grunnskóla Bakkafjarðar. Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans ófullnægjandi. Umræður fóru fram og fullur vilji er til að bæta úr þessu og verður unnið að því.
- 2) Ósk (bréf dags.29/9-09) frá foreldrum barna með pólsku sem móðurmál um að taka upp pólskukennslu fyrir börn á grunnskólaaldri á vegum Grunnskólans á Þórshöfn. Nefndin mælir með að sveitarfélagið ráði stundakennara til að kenna pólskum nemendum þeirra móðurmál, að hver nemandi fái tvær kennslustundir á viku, samtals yrðu þetta fjórar kennslustundir á viku. Áætlaður kostnaður yrði um 60 þús á mánuði. Yrði þetta til reynslu á vorönn.
- 3) Bréf frá Karen Rut Konráðsdóttur (dags 16/8-09) um samstarf Gistiheimilisins Lyngholts og Langanesbyggðar um samnýtingu á skólahúsnæði næsta sumar. Nefndin var jákvæð og samþykkti að mæla með þessu en taka verður tillit til viðhaldsvinnu sem hefst alla jafna 1.ágúst.
- 4) Drög að reglum Langanesbyggðar um stuðning við nema í fjarnámi til kennsluréttinda. Nefndin fór yfir drögin og kom með athugasemdir sem Guðni kemur áleiðis til sveitarstjóra. Nefndin telur nauðsynlegt að setja reglur um þessi mál.

B Til kynningar:

- 5) Bréf (21/7-09) frá menntamálaráðuneyti um niðurskurð á framlögum til Námsgagnasjóðs.
- 6) Bréf (2/10-09) frá menntamálaráðuneyti um íslenskan notendahugbúnað í tölvum skólakerfisins.

C Önnur mál

Rætt um leiksýningar á vegum skólans, ákveðið að leita til leikfélagsins eftir samvinnu.

Fyrirspurn um námskrár skólanna, þær eru í vinnslu.

Á fundi fræðslunefndar 26. ágúst síðast liðinn var Maríu falið að kanna kosti og galla þess að bæta við einni bekkjardeild í Grunnskólanum á Bakkafirði, nemendur klári þá 8.bekk á Bakkafirði og ljúki við 9. og 10. bekk á Þórshöfn eins og áður. María kynnti niðurstöður sínar og mælir nefndin með að þessi leið verði farin.

D Umræðufundur milli nefndar og skólastjóra um faglegt starf í skólum:

Efnistöð verða frjáls en nefndin leggur eftirfarandi punkta inn í umræðuna:

-Hvernig geta skólarnir uppfyllt lagareglur um stofnun skólaráða (grunnskólar 8.gr.) og foreldraráða (leikskólar 10.gr.)

-Umsögn foreldraráðs í leikskólum og skólaráðs í grunnskólum um starfsáætlun og skólanámskrá auk ýmissa annarra hluta, sbr. lagagreinar þar um.

-Að gera símenntunaráætlun sbr. lagafyrirmæli (12.gr. grsl. og 7. gr. leiksl)

-Innra mat skóla og ytra mat sveitarfélaga (VII. kafli grsl. og 18-19. gr. lsl)

Málin rædd ítarlega. Nefndin telur að ákvæði grunnskólalaga um skólaráð séu illa framkvæmanleg í smáum sveitarfélögum. Nefndin telur að fræðslunefnd sinni nú þegar stórum hluta verkefna skólaráðs.

Fundargerðin er tvær blaðsíður.

Fundi slitið kl.18.50.